



Vel heppnaður fundur

Litlu atriðin sem gera bekkjarfundinn að góðum fundi

Góð boðun

Dagskrá og markmið fundarins þarf að vera vel kynnt í fundarboði. Tölvupóstur er mjög þægilegt samskiptaform en þá þarf að sjá til þess að allir hafi netfang sem þeir opni reglulega. Gott er að fá senda staðfestingu um að pósturinn hafi verið opnaður.

Einnig er gott að barnið fái töskupóst sem komið er til umsjónarkennara viku fyrir áætlaðan fundartíma. Töskupósti er síðan fylgt eftir með símhringingu þar sem töskupóstur skilar sér ekki alltaf. Áhrifaríkast er að banka upp á heima hjá börnunum og spyrja foreldrana hvort þau komi bæði eða einungis annað þeirra. Ef hik er á fólki er sniðugt að fela því verkefni t.d. að koma með te eða kaffi til fundarins.

Taka á móti fólki við dyrnar

Jafnvel við útidyr ef það er fyrsti fundur vetrarins. Ekki er víst að allir rati á fundarstað. Merking á útihurð er góður siður.

Ekki baksvipsfund

Hafa kaffihúsauppröðun, þ.e. 3-4 við hvert borð. Passa að stólarnir séu við hæfi fullorðinna.

Bjóða fólkið velkomið í upphafi

Kynna nýja foreldra fyrir hinum og bjóða þá velkomna. Sérstaklega þarf að huga að nýbúunum ef einhverjir eru.

Merking í barminn

Annað hvort límmiðar sem fólkið skrifar á sjálfst eða nafnspjöld sem börnin útbúa fyrir foreldra sína. Á bekkjarkvöldum eru bömin auðvitað merkt líka eins og á ættarmótum.

Kynning í upphafi fundar

Kynna sjálfan sig og biðja hina að gera slíkt hið sama til að brjóta ísinn, t.d.: "Ég heiti Jóna Jónsdóttir og er mamma hans Sigga. Ég á tvö önnur börn, Sigrúnu í Verzlunarskólanum og Dísu í Leikskólanum. Ég vinn í bankanum og í tómstundum er ég á kafi í garðinum mínum".

Kertaljós gera notalega stemningu

Veitingar

Kaffi, te, vatn eða djús gerir alltaf sitt og hægt er að biðja nokkra foreldra að taka slíkt með sér. Þeir sem sjaldan mæta verða að sýna sig ef þeir eru beðnir að taka með sér kaffikönnu.

Umræður í hópum

Gott er að leggja fram einhverja umræðupunkta og gefa 15 mínútur í hópumræður.

Hver hópur kynnir sína niðurstöðu í lokin og bekkjarfulltrúar safna saman punktum, halda til haga eða koma á framfæri t.d. til bekkjarkennara eða foreldrafélags.

